

# REGLUGERÐ

## um starfrækslu ómannaðra loftfara

### I. KAFLI

#### Almennt

#### 1. gr. Markmið

Með reglugerð þessari eru settar sérstakar reglur um starfrækslu ómannaðra loftfara með það að markmiði að tryggja flugöryggi og öryggi borgaranna.

#### 2. gr. Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um allt flug ómannaðra loftfara á Íslandi og innan íslenskrar lofthelgi, sem ekki falla undir gildissvið reglugerðar nr. 812/2012 um sameiginlegar reglur um almenningflug og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem innleiðir reglugerð (ESB) nr. 216/2008.

Undanþegin gildissviði reglugerðar þessarar eru loftför sem framleidd eru sem leikföng til nota fyrir börn undir 14 ára aldri.

#### 3. gr. Orðskýringar

Ómannað loftfar (*e. unmanned aircraft*): Tæki sem getur haldist á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar og ekki hefur stjórnanda innan borðs ásamt búnaði sem er nauðsynlegur til þess að stjórna loftfari t.d. fjarstýring, samskiptakerfi og jaðarbúnaður.

Ómannað loftfarskerfi (*e. unmanned aircraft system*): Kerfi sem samanstendur af ómönnuðu loftfari, auk hluta sem nauðsynlegir eru til að stýra loftfarinu. Hlutir til þess að stýra loftfarinu geta m.a. verið fjarstýring, samskiptakerfi og jaðarbúnaður sem nauðsynlegt er til þess að loftfarið geti tekið á loft, flogið eða lent.

Flugmódel: Ómönnuð eftirlíking af flugvél sem notuð er til tómsunda- og eða keppnisflugs.

Flugmódelfélög: Félög eða samtök sem hafa það að markmiði að smíða og fljúga flugmódelum í frítímum og án greiðslu.

Bilantraustkerfi (*e. fail safe system*): Kerfi, sem við bilun í stjórnþækjum, sér til þess að loftfarinu sé snúið á fyrirfram ákveðinn stað eða haldið kyrru.

Flug í auglýning stjórnanda (e. *Visual line of sight - VLOS*): Flug loftfars þannig að loftfari er ávallt flogið í auglýning stjórnanda án stoðtækja á borð við sjónauka, myndavél eða annað.

Flugstjórnarsvið (e. *Control zone*): Flugstjórnarrými sem nær frá jörðu upp að tilteknum efri mörkum.

Rekstrarleyfi: Leyfi sem gefið er út vegna starfrækslu loftfars í atvinnuskyni

Starfræksla: Undirbúningur, viðhald og framkvæmd flugs með ómönnuðu loftfari, hvort sem er leyfisskylt eða ekki.

Starfrækslusvæði: Skilgreint svæði þar sem starfræksla ómannaðs loftfars fer fram. Stærð svæðisins miðast við fjarlægð sem nemur tilteknum radius dregnum út frá staðsetningu loftfars á flugi þannig að loftfar er ávallt í miðju svæðis.

Vallarsvið: (e. *Aerodrome traffic zone*): Tiltekið loftrými umhverfis flugvöll sem komið er á til verndar flugvallarumferð.

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Hámarksþyngd: (e. *Maximum take off mass*): Heildarþyngd loftfars með farni

Flugmálalindahbók (e. *Aeronautical Information Publication - AIP*): Handbók sem gefin er út í umboði ríkis og inniheldur varanlegar flugmálaupplýsingar sem nauðsynlegar eru við flugleiðsögu.

NOTAM: (e. *Notices to AirMen*): Tilkynning sem komið er áleiðis með fjarskiptum varðandi upplýsingar um stofnsetningu, ástand eða breytingar á flugleiðsöguaðstöðu, þjónustu, framkvæmd eða hættuástandi, þar sem nauðsynlegt er að koma upplýsingum sem fyrst til viðkomandi starfsmanna vegna starfrækslu flugs.

4. gr.

*Lögbært yfirvald og framkvæmd.*

Samgöngustofa sér um útgáfu leyfa samkvæmt reglugerð þessari og hefur eftirlit með því að leyfishafar starfi innan ramma útgefna leyfa.

5. gr.

*Ábyrgð eiganda/umráðamanns.*

Eigandi, og/eða umráðandi sé hann annar en eigandi, loftfars er ábyrgur fyrir því að fylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar.

6. gr.

*Tilkynningarskylda slysa og/eða flugatvika*

Án tillits til þess hvort um leyfisskyldan aðila er að ræða eða ekki gildir að tilkynningarskylda slysa og annarra atvika fer eftir ákvæðum reglugerðar um tilkynningarskyldu flugslysa, alvarlegra flugatvika og atvika.

7. gr.

*Leyfi til starfrækslu*

Leyfi Samgöngustofu þarf fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara sem vega meira en 30 kg hvort heldur sem er í atvinnuskyni eða ekki. Þó þarf ekki leyfi vegna flugmóðela sem flogið er á vettvangi flugmóðelfélaga.

Heimilt er að sækja um rekstrarleyfi fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara í atvinnuskyni fyrir loftför sem vega 30 kg eða minna.

Sé sótt um undanþágu, sbr. 24. gr., frá þeim almennum takmörkunum sem kveðið er á um í 14. gr., þarf ávallt að liggja fyrir rekstrarleyfi útgefið af Samgöngustofu.

Ávallt þarf leyfi Samgöngustofu fyrir flug ómannaðra loftfara, óháð þyngd, sem flogið er úr augsýn stjórnanda.

Ávallt þarf leyfi Samgöngustofu fyrir flug ómannaðra loftfara, óháð þyngd, þar sem um flutning á pósti, vörum eða farþegum er að ræða.

8. gr.

*Umsókn um leyfi*

Í leyfisumsókn til Samgöngustofu skal tilgreina þau svæði eða það loftrými þar sem ætlunin er að starfrækja loftfarið.

Í viðauka við reglugerð þessa er kveðið á um hvaða upplýsinga er krafist í umsókn um leyfi fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara.

Umsókn um frumútgáfu, endurnýjun eða framlengingu leyfis skal send til Samgöngustofu með minnst 30 daga fyrirvara.

Allar breytingar sem gildandi leyfi byggist á, þ. á m. breytingar á rekstrarhandbókum, skulu háðar samþykki Samgöngustofu.

Samgöngustofu er heimilt að framkvæma úttektir og skoðanir á öllum þáttum starfsemi umsækjanda um leyfi skv. reglugerð þessari.

Gildistími fyrstu útgáfu leyfis er eitt ár. Gildistími endurúttefins leyfis getur verið allt að þrjú ár.

9. gr.

*Tíðni- og tækniröfur*

Fjarstýringarbúnaður ómannaðra loftfara, sem ekki starfar á opnu og samræmdu tíðnisviði samkvæmt tíðniskipulagi Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmi við þær tækniröfur sem þar eru tilgreindar, er háður leyfi frá Póst- og fjarskiptastofnun samkvæmt 62. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Allur slíkur búnaður, hvort sem hann er leyfisskyldur eður ei, skal uppfylla grunnkröfur um tæknilega eiginleika og vera CE-merktur því til staðfestingar samkvæmt 65. gr. laganna.

10. gr.

*Tryggingar*

Eigandi og/eða umráðandi ómannaðs loftfars skal taka og viðhalda vátryggingu til greiðslu skaðabóta sem falla kunna á hann eða umráðanda loftfarsins vegna tjóns er verður á mönnum og hlutum utan loftfarsins og stafar af notkun þess.

11. gr.

*Auðkenning loftfara*

Loftför sem hlotið hafa leyfi Samgöngustofu skulu auðkennd með nafni, símanúmeri og leyfisnúmeri leyfishafa.

Loftför sem ekki hafa hlotið leyfi Samgöngustofu skulu auðkennd með nafni og símanúmeri eiganda.

II KAFLI.

*Almenn skilyrði fyrir starfrækslu allra ómannaðra loftfara óháð leyfisskyldu*

12. gr.

*Almenn ákvæði um aðgát við starfrækslu*

Umráðandi skal eftir fremsta megni tryggja að starfræksla ómannaðra loftfara skaði ekki fólk og dýr eða valdi tjóni á eignum.

Umráðandi skal tryggja að loftfari sé viðhaldið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og að fyrirflugsskoðun sé framkvæmd fyrir sérhvert flug.

Taka skal tillit til aðstæðna og umhverfis t.d. vegna hindrana, tíðni stjórnækja, veðurs o.fl.

Óheimilt er að starfrækja ómannað loftfar undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.  
Stjórnandi loftfars skal hafa þekkingu á virkni og stjórnun loftfarsins og fullvissa sig um að flugið geti verið starfrækt með öruggum hætti, m.a. með tilliti til gildandi flugreglna.

### 13. gr.

#### *Starfrækslusvæði*

Áður en flug er framkvæmt skal stjórnandi skilgreina starfrækslusvæði. Tryggja skal nægilega fjarlægð frá t.d. fólki, dýrum og eignum.

Tryggja skal að hægt sé að nauðlenda loftfari þannig að það valdi ekki tjóni fyrir fólk og dýr eða valdi skemmdum á eignum.

Fylgjast skal með loftrými þar sem flug á sér stað svo að hægt sé að stöðva flug ef önnur loftför nálgast rýmið.

Um flug loftfara innan friðlýstra svæða gilda þær takmarkanir sem settar eru á grundvelli laga um náttúruvernd eða á grundvelli sérlaga sem um viðkomandi svæði kunna að gilda.

### 14. gr.

#### *Takmarkanir flugs*

Ekki er heimilt að fljúga innan þéttbýlis.

Ekki er heimilt að fljúga innan við 1,5 km frá svæðamörkum flugvallar nema fyrir liggja leyfi rekstraraðila flugvallarins. Samþykki viðkomandi flugumferðarþjónustudeildar þarf fyrir öll flug ómannaðra loftfara innan flugstjornarsviða og vallarsviða (sjá upplýsingar í AIP).

Ekki er heimilt að fljúga ómönnuðu loftfari á skilgreindum æfinga-, hafta- eða bannsvæðum sem birt eru í AIP nema með samþykki viðkomandi flugumferðarþjónustudeildar.

Ekki er heimilt að fljúga loftfari innan 150 m fjarlægðar frá íbúðarhúsnæði, nema með samþykki húsráðanda.

Ekki er heimilt að fljúga loftfari innan 150 m fjarlægðar frá forsetabústað, ráðuneytum eða öðrum opinberum byggingum, þ. á m. lögreglustöðvum og fangelsum.

Ekki er heimilt að fljúga loftfari í meiri hæð en 120 m yfir jörð. Ef slíkur búnaður er til staðar í loftfarinu skal forrita loftfarið til þess að fara ekki hærra en 120 m.

Ekki er heimilt að fljúga innan og/eða yfir sumarhúsabyggð, tjaldsvæði, eða svæði þar sem fjöldi fólks kemur saman undir beru lofti.

Ekki er heimilt að starfrækja loftfar innan svæða þar sem slíkt er óheimilt skv. lögum, reglugerðum eða fyrirmælum lögreglu- eða annarra yfirvalda.

Ekki er heimilt að fljúga loftfari þannig að flug fari út úr auglýsningu stjórnanda og/eða sé utan við drægni stjórnækja.

Handhafi leyfis fyrir starfrækslu ómannaðs loftfars í atvinnuskyni getur sótt um undanþágu frá ákvæðum greinar þessarar, sbr. 24. gr.

### III. KAFLI.

*Skilyrði fyrir starfrækslu leyfisskyldra loftfara sem og annarra loftfara sem sótt er um leyfi fyrir*

#### 15. gr.

##### *Umsókn um leyfi*

Sækja þarf um leyfi Samgöngustofu fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara sem eru þyngri en 30 kg.

Heimilt er að sækja um leyfi fyrir ómönnuð loftför sem vega 30 kg eða minna og sem nota skal í atvinnuskyni og gilda þá ákvæði þessa kafla.

Mat Samgöngustofu á því hvort leyfi er veitt byggist á áhættumati á starfsemi þeirri sem fyrirhuguð er.

Í viðauka er nánar kveðið á um þau gögn sem fylgja þurfa umsögn um leyfi.

#### 16. gr.

##### *Stjórnandi loftfars*

Stjórnandi skal hafa náð 17 ára aldri. Stjórnandi skal vera handhafi einhverra eftirtalinna skírteina fyrir flugvél eða þyrlu: flugmannsskírteinis, létt loftför (LAPL), einkaflugmannsskírteinis (PPL), atvinnuflugmannsskírteinis (CPL), eða atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL), eða hafa staðist bókleg próf fyrir framangreind skírteini þann 1. janúar 2012 eða síðar. Stjórnandi skal hafa þekkingu á virkni og stjórnun loftfarsins og fullvissa sig um að flugið geti verið starfrækt með öruggum hætti.

Heimilt er að veita undanþágu frá menntunarkröfu skv. 1. mgr. þegar um er að ræða starfrækslu ómannaðs loftfars sem vegur þrjú kg eða minna og um er að ræða eingöngu flug í augsýn stjórnanda.

#### 17. gr.

##### *Almenn tæknileg ákvæði*

Sé loftfar útbúið sjálfstýringu skal ávallt vera hægt að taka yfir stjórn loftfarsins í því skyni að forða árekstrum, t.d. við önnur loftför, fólk, byggingar.

Handbók sem lýsir burðarvirki og stjórnækjum loftfarsins og öðrum kerfum auk handhægra upplýsinga um starfrækslu og stjórnun loftfarsins skal vera til staðar.

Viðhald skal framkvæmt á grundvelli gátlista í viðurkenndum rekstrar- og viðhaldshandbókum.

Aðeins skal nota varahluti frá framleiðanda eða algerlega sambærilega hluti þegar skipt er út biluðum íhlutum.

Leyfishafi skal sjá til þess að viðhald sé í samræmi við leiðbeiningar frá framleiðanda og að framkvæmd sé skoðun á ástandi kerfisins áður en flogið er. Stjórnandi skal einnig fullvissa sig um að kerfið sé starfhæft meðan á flugi stendur.

Loftfarið skal útbúið bilanatraustkerfi sem getur stöðvað flug ef nauðsyn krefur.

18. gr.

*Ábyrgðarmaður starfrækslu*

Umsækjendur og leyfishafar fyrir leyfisskyld loftför skulu tilnefna ábyrgðarmann fyrir allri starfsemi sky. leyfinu. Tilnefningin er háð samþykki Samgöngustofu.

Í umsókn um leyfi skal koma fram með fullnægjandi hætti að ábyrgðarmaður starfrækslu hafi nauðsynlega þekkingu, bakgrunn og kunnáttu til að stýra þeim verkefnum sem sótt er um og sé fær um að uppfylla skilyrði leyfisins.

Ábyrgðarmaður er ábyrgur fyrir að stjórnskipulag leyfishafa sé í samræmi við skuldbindingar leyfishafa. Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á flugöryggi og því að öll starfræksla sé í samræmi við gildandi reglur og takmarkanir.

Auk ábyrgðarmanns skal tilnefna ábyrga aðila fyrir flugrekstur og lofthæfímál. Þeir aðilar eru háðir samþykki Samgöngustofu. Í umsókn skal koma fram með fullnægjandi hætti að viðkomandi aðilar hafi nauðsynlega þekkingu, bakgrunn og kunnáttu til að sinna þeim verkefnum sem falla undir þeirra ábyrgðarsvið. Þeir skulu hafa þekkingu og reynslu á því sviði sem starfræksla leyfishafa nær til.

Sé um minni háttar starfsemi að ræða getur Samgöngustofa heimilað að ábyrgðarmaður starfrækslu gegni einnig stöðu ábyrgðarmanna flugrekstrar og lofthæfis. Eða að ábyrgðarmaður flugrekstrar og lofthæfis sé sami aðili.

Gildi leyfis er háð því að leyfishafi hafi tilnefnt og fengið samþykktan ábyrgðarmann starfrækslu, ábyrgðarmann flugrekstrar og ábyrgðarmann lofthæfi- og viðhaldsmála. Hætti einhver framangreindra aðila störfum hjá leyfishafa getur leyfishafi ekki haldið áfram starfsemi fyrir en nýir aðilar hafa verið samþykktir af Samgöngustofu.

19. gr.

*Ábyrgðarmaður flugrekstrar*

Tilnefna skal ábyrgðarmann flugrekstrar sem ber ábyrgð á eftirfarandi:

1. Stjórnun og eftirliti með flugrekstri og að öll starfræksla sé ávallt í samræmi við tilskilin leyfi
2. Að komið sé á og fylgt leiðbeiningum og öryggisferlum fyrir alla starfrækslu.
3. Mati á hæfni og samfelldu eftirliti með bóklegrri og verklegri hæfni starfsmanna sem taka þátt í starfrækslu ómannaðra loftfara, samþykki á starfsfólki sem tekur þátt í starfrækslu ómannaðra loftfara og á því að nauðsynleg þjálfun og skráning eigi sér stað.
4. Yfirferð, samþykki og útteilingu flugverkefna til þeirra sem taka þátt í starfrækslu ómannaðra loftfara með hliðsjón af hæfni þeirra.
5. Að til staðar sé nauðsynlegur búnaður og aðstaða til að skipuleggja og annast flugverkefni.

6. Að komið sé á fót nauðsynlegum upplýsinga, tilkynninga- og skjalakerfum hvað varðar flugrekstur.

20. gr.

*Ábyrgðarmaður lofthæfi- og viðhaldsmála*

Tilnefna skal ábyrgðarmann lofthæfi- og viðhaldsmála sem ber ábyrgð á eftirfarandi:

1. Stýringu og eftirliti með öllu viðhaldi sem framkvæmt er af leyfishafa eða undirverktökum.
2. Að komið sé á og fylgt nauðsynlegum reglum um ábyrgð og vinnuleiðbeiningar varðandi framkvæmd og stýringu viðhalds.
3. Mati á nauðsynlegri hæfni tæknimanna og þjálfun þeirra
4. Að útvega og halda utan um þann búnað sem notaður er við viðhald hjá leyfishafa
5. Að koma á fót nauðsynlegum upplýsinga, tilkynninga, skráninga- og skjalakerfum hvað varðar viðhald.

21. gr.

*Rekstrar- og viðhaldsbók*

Leyfishafi skal gera handbók til leiðsagnar fyrir starfsmenn, rekstrar- og viðhaldsbók. Handbókin skal innihalda leiðbeiningar um það hvernig undirbúningi, viðhaldi og flugi skuli hagað. Handbókin skal ná yfir starfsemi leyfishafa og skal henni viðhaldið. Leyfishafi ber ábyrgð á því að innihald handbókar sé ávallt í samræmi við gildandi lög, reglur og fyrirmæli Samgöngustofu. Uppfærslum og breytingum skal dreifa til Samgöngustofu og þeirra starfsmanna sem breytingin snertir.

Rekstrar- og viðhaldsbók skal innihalda a.m.k. eftirfarandi:

1. Stjórnskipulag skv. skipuriti ásamt lýsingu á ábyrgð og skyldum ábyrgðarmanns flugrekstrar og annars starfsfólks flugrekstrar.
2. Lýsingu á starfsemi og viðeigandi takmörkunum.
3. Leiðbeiningar og gátlista fyrir undirbúning og framkvæmd flugverkefna.
4. Viðhaldsleiðbeiningar og gátlista.
5. Áhættugreiningu miðuð að starfsemi leyfishafa þar sem greindar eru helstu hættur og brugðist er við þeim með mildunaraðgerðum og leiðbeiningum við óvenjulegum aðstæðum.

22. gr.

*Undirbúningur flugs*

Áður en flug er framkvæmt skal það skipulagt og undirbúið með hliðsjón af flugkortum til að ganga úr skugga um hvernig loftrými er um að ræða. Flugið skal einnig skipulagt með hliðsjón af öðrum nauðsynlegum gögnum, t.d. AIP, NOTAM og upplýsingum frá t.d. lögreglu- og/eða öðrum viðeigandi yfirvöldum til að tryggja að flugið sér starfrækt á öruggan máta í samræmi við starfsleyfi og rekstrarfyrirmæli.



Við undirbúning og skipulag flugs skal taka mið af veðri. Taka skal mið af viðeigandi gögnum í formi veðurspáa, veðurathugana og annarra viðeigandi gagna til að ganga úr skugga um að flugið verði framkvæmt í samræmi við tækni- og rekstrarlegar takmarkanir.

Taka skal tillit til takmarkana um starfrækslu loftfara í tilteknum flokki loftrýmis auk þess sem taka skal mið af skilgreindu öryggisvæði.

Sé búið að taka frá sérstök tíðnisvið fyrir fjarskipti við ómönnuð loftför skal nota þau. Að öðrum kosti skal nota tíðnir samþykktar af Póst- og fjarskiptastofnun. Sé hægt að trufla tíðnina sem notuð er skal tíðniskanna starfrækslusvæðið áður en flug á sér stað.

### 23. gr.

#### *Flug*

Veðurskilyrði skulu vera þannig að hægt sé að stjórna loftfarinu með öruggum hætti á öllum stigum flugsins og að það sé ávallt í augnsýn stjórnanda. Hætta skal flugi umsvifalaust ef veður versnar þannig að það er ekki lengur mögulegt.

Ómannað loftfar skal víkja fyrir annarri flugumferð.

Stjórnandi skal sjá til þess að flugi sé umsvifalaust hætt ef óviðkomandi aðilar eru innan öryggisvæðis. Í slíkum tilvikum skal fylgja innri verklagsreglum leyfishafa um slík tilvik.

Ef flogið er á milli sólarlags og sólarupprásar skal loftfarið vera útbúið varúðar- og siglingaljósum eða upplýstum útlínunum þannig að hægt sé að greina með skýrum hætti stöðu og stefnu loftfars. Stjórnandi skal hafa lokið bóklegrri kennslu fyrir næturflugsáritun skv. reglugerð um áhöfn í almenningsflugi.

Allt flug skal skrá í flugdagbók eða jafngilt skjal. Skráningin skal innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

- a) dagsetningu flugs,
- b) stjórnanda loftfars,
- c) auðkenni loftfars,
- d) flugtaks- og landingatíma,
- e) heildarflugtíma,
- f) tegund verkefnis og frávik ef við á.

### 24. gr.

#### *Undanþágur*

Að því gefnu að öryggi sé ekki stefnt í hættu, getur Samgöngustofa heimilað undanþágur frá 14. gr. um takmarkanir flugs, til handhafa leyfa fyrir loftför sem starfrækt eru í atvinnuskyni.

25. gr.  
*Kæruheimild*

Ákvarðanir Samgöngustofu eru kæránlegar til innanríkisráðherra í samræmi við 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnáslustofnun samgöngumála.

26. gr.  
*Viðurlög*

Brjótí leyfisskyldur aðili gegn ákvæðum reglugerðar þessarar eða gegn skilyrðum útgefins leyfis getur Samgöngustofa afturkallað útgefið leyfi til starfrækslu.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum eða fangelsi allt að fimm árum, sbr. 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998.

27. gr.  
*Gildistaka*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir, öðlast þegar gildi.

## Viðauki I

### Gögn sem fylgja skulu umsókn um leyfi til starfrækslu ómannaðra loftfara

Þegar sótt er um leyfi til starfrækslu, skulu eftirfarandi upplýsingar fylgja:

- nafn, kennitala, lögheimili, símanúmer og netfang umsækjanda og eða fyrirtækis sem hyggst starfrækja loftfarið;
- lýsing á skipulagi og stjórnun sem nauðsynleg er, auk ferilsskráa ábyrgðarmanna starfrækslu, flugrekstrar, og lofthæfi- viðhaldsmála, auk stjórnenda loftfars;
- lýsing á þeirri starfrækslu sem óskað er leyfis fyrir;
- lýsing á tækjum og búnaði sem notast á við;
- staðfesting á tryggingum;
- lýsing á þeim svæðum eða flokkum loftrýmis þar sem fyrirhugað er að starfrækja ómannað loftfars;
- myndir af loftfarinu;
- upplýsingar sem krafist er að séu í rekstrar- og viðhaldshandbók skv. ákvæðum reglugerðarinnar
- lýsing á varakefi loftfarsins;
- áhættumat fyrir þá starfrækslu sem óskað er leyfis fyrir, þ. á m. lýsing á þeim ráðstöfunum eða mildunaraðgerðum sem gerðar eru til að tryggja ásættanlega áhættu við starfræksluna. Áhættumatið skal innihalda að lágmarki:
  - a. lýsingu á því hvernig tryggt sé að flugið eigi sér stað eingöngu innan skilgreinds svæðis (bæði lárétt og lóðrétt) sem óskað er eftir fyrir starfræksluna,
  - b. lýsingu á því hvernig aðskilnaður frá öðrum loftförum verður tryggður,
  - c. lýsingu á því hvernig brugðist verður við óvæntum aðstæðum svo sem eins og við bilun í fjarskiptabúnaði eða sjónarmissi;
- upplýsingar um ábyrgðarmann starfrækslu;
- upplýsingar um ábyrgðarmann flugrekstrar;
- upplýsingar um ábyrgðarmann lofthæfi- og viðhaldsmála;
- rekstrar- og viðhaldshandbók.

Númer leyfis verður sent umsækjanda þegar leyfi hefur verið samþykkt. Loftfar skal merkt með númeri.